

Júlí 2020



Ársskýrsla félags- og barna- málaráðherra 2019



Ársskýrsla félags- og barnamálaráðherra

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlið 6 – 105 Reykjavík
545 8100 | frn@frn.is

Júlí 2020 | ISBN: 978-9935-513-02-1

Ábyrgðarmaður: Ásmundur Einar Daðason
Umsjón: Félagsmálaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson
& Einar Guðmundsson

© 2020 – Félagsmálaráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4
Samantekt um starfsemi ráðuneytisins	7
Félags- og fjölskyldumál	7
Norrænt samstarf	14
Húsnæðismál	14
Almannatryggingar	17
Vinnumál	19
Styrkveitingar	21
Málefnasvið	23
Rekstrargjöld og fjárfestingar	23
Yfirlit stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2019	29
Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2019	41
Uppsöfnuð frávik ríkisaðila og fjárlagaliða	42



Ávarp ráðherra

Í síðustu tveimur ársskýrslum hef ég helgað þetta ávarp málefnum barna, sem eru mitt helsta áherslumál í embætti, eins og embættistitill minn ber með sér. Málefni barna eru auðvitað víðfeðmur málaflokkur og teygir arma sína inn í fjölmarga undirflokka og fjölmörg ráðuneyti. Samstarf við þá aðila sem sinna þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra hefur verið mikilvægt og tel ég það hafa tekist með eindæmum vel meðan ég hef setið í embætti.

Eitt af stóru verkefnum ársins 2019 var sameining Íbúðalánasjóðs (ÍLS) og Mannvirkjastofnunar sem runnu um áramótin saman í eina stofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Samfélagslegur ávinningur af sameiningunni er mikill og öll vinna við málaflokkinn þar með skilvirkari.

Annað af stærri verkefnum ársins hefur verið undirbúningur fyrir smíði lagafrumvarps um hlutdeildarlán sem ætlað er að auðvelda tekju- og eignalitlum einstaklingum að eignast sína fyrstu íbúð. Á sama tíma hefur farið fram endurskoðun á húsaleigulögum og mannvirkjalögum svo eitthvað sé nefnt.

Þá hef ég lagt áherslu á að búa til hvata fyrir uppbyggingu húsnæðis á landsbyggðinni þannig að fólki sé gert kleift að búa við aukið öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, óháð búsetu á landinu.

Margt hefur áunnist á síðustu árum. Örfá dæmi um stórra áfanga eru að skrifað var undir lífsskjarasamninga vorið 2019, eftir samningalotu og mikla vinnu aðila vinnu-markaðarins. Undirbúningur fyrir þá samninga hófst 2018. Þá hefur fæðingarorlof verið lengt úr níu mánuðum í tólf og tekur sú breyting að fullu gildi um næstu áramót (2020/2021). Einnig eru fram undan miklar breytingar á barnaverndarlögum og öðrum lagabálkum og verklagi varðandi þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Verður það að mínu mati eitt af því sem verður hvað mest spennandi á næsta þingi og mögulega það sem leiðir til einna mestra breytinga til langframa á íslensku samfélagi, öllum til góðs. Ég bind miklar vonir við þessar breytingar en undirbúningur þeirra hefur staðið allt frá því að ég tók við embætti (nóvember 2017) og verið afar yfirgripsmikill. Ég hef áður lýst því yfir að Ísland eigi að vera besti staður í heiminum til að alast upp á og tel ég að þessar breytingar muni stuðla að því.

Það er þó varla hægt að skrifa þetta ávarp, þótt það sé fyrir árið 2019, nema minnst á að veturinn 2019–2020 hafi verið afar erfiður að mörgu leyti. Veður var slæmt sem leiddi til erfiðleika víðs vegar um landið, auk hins nýja veruleika sem allur heimurinn stóð frammi fyrir í upphafi árs 2020 þegar faraldur vegna COVID-19 tók að herja á heimsbyggðina. Faraldurinn hefur haft í för með sér afar víðtækar afleiðingar, bæði heilsufarslegar og efnahagslegar. Samstaða þjóðarinnar fyrstu mánuði ársins 2020 hefur verið mögnuð og afskaplega gleðilegt að fylgjast með henni. Allir hafa lagt sitt af mörkum og ljóst að sá samtakamáttur varð til þess að við náðum svo góðum árangri vorið 2020.

Afleiðingar veirunnar hafa haft mikil áhrif á störf ráðherra og alþingismanna, sem og allra landsmanna, fyrstu mánuði ársins 2020. Hefðbundin þingdagskrá vék að miklu leyti til hliðar, þingmálaskrár ráðherra breyttust og allir kepptust við að bregðast sem best við faraldrinum. Ljóst er að skipulag þingvetrarins fór að einhverju leyti úr skorðum en ég hef samt lagt á það áherslu að halda því eins og kostur hefur verið.



Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Samantekt um starfsemi ráðuneytisins

Árið 2019 var fyrsta starfsár félagsmálaráðuneytisins en í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar var velferðarráðuneytinu skipt upp í heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti um áramótin 2018/2019. Við stofnun félagsmálaráðuneytisins breyttist embættistitill félagsmálaráðherra í félags- og barnamálaráðherra til að endurspeglar þau áform ráðherra að auka áherslu á málefni barna og ungmenna.

Félags- og barnamálaráðherra ber samkvæmt forsetaúrskurði, nr. 118/2018, ábyrgð á félags- og fjölskyldumálum, almannatryggingum að hluta, húsnæðismálum, vinnu- málum og jafnréttismálum. Undir framangreind málefni falla málefna svið um örorku og fatlað fólk, málefni aldraðra, fjölskyldumál, vinnumarkaður og atvinnuleysi og húsnæðisstuðningur. Við uppskiptingu velferðarráðuneytisins var ákveðið að jafnréttis- mál myndu færast frá félagsmálaráðuneytinu og á ábyrgð forsætisráðuneytisins og málefni mannvirkja úr umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í félagsmálaráðuneytið.

Félags- og fjölskyldumál

Málefni fatlaðs fólks

Á árinu var markvisst unnið að því að koma í framkvæmd ákvæðum laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og eru tvö verkefni sem skipt hafa sköpum í því samhengi. Í fyrsta lagi var unnið að því taka saman í skýrslu yfirlit um hvernig til hefur tekist við að koma í framkvæmd ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Skipaður var sérstakur starfshópur full- trúa fimm ráðuneyta undir forystu félagsmálaráðuneytisins. Starfshópurinn stóð fyrir breiðu samráði við hagsmunaaðila og sérstöku málþingi um samninginn. Samningur- inn verður kynntur á sérstökum samráðsvettvangi ríkis, sveitarfélaga og hagsmuna- samtaka fatlaðs fólks í júní 2020. Eftir það fór skýrslan í samráðsgátt stjórnvalda og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í júnílok og skýrslan verði í beinu framhaldi lögð fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til yfirferðar. Ljóst er að enn eru margar áskoranir sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir og verður gerð grein fyrir þeim í viðauka við skýrsluna. Jafnframt var unnið að samantekt á öllum stefnum, áætlunum, lögum, reglugerðum, leiðbeiningum og öðrum þeim upplýsingum sem eru til staðar um fram- kvæmd einstakra greina samningsins. Slík kortlagning getur því orðið forsenda heild- stæðrar landsáætlunar sem myndi byggjast á ákvæðum samningsins. Samhliða gerð skýrslunnar vann starfshópurinn að endurskoðun þýðingar á samningnum vegna mikillar gagnrýni sem fram hefur komið á hana.

Þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) hélt áfram á árinu. Með nýjum lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, var NPA fest í lög. Reglugerð um NPA tók síðan gildi fyrir áramót 2018/2019 þar sem umgjörð

og innihaldi þjónustunnar voru settar skýrari skorður en NPA-verkefnið hafði þá í raun verið tilraunaverkefni frá árinu 2011. Sett var upp sérstök síða á vef félagsmálaráðuneytisins fyrir verkefnið en þar er að finna ítarlega upplýsingar um mismunandi samningsform, eyðublöð sem og almennar upplýsingar um verkefnið. Sérstök handbók, eða leiðbeiningar um NPA, var síðan kynnt í júní 2019. Sett voru á laggirnar námskeið sem notendur, aðstoðarfólk og umsýsluaðilar sóttu. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði endurskoðuð á árinu 2020. Í lok árs 2019 voru 87 samningar í gildi og var heildarupphæð þeirra þá rúmlega 1600 milljónir kr.

Á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins hófst starf við mótun svokallaðra landshlutateyma en þeim er ætlað að styðja betur þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í nærsamfélaginu. Eitt slíkt teymi hóf störf á árinu og er reiknað með að fleiri hefji störf árið 2020.

Málefni barna

Í byrjun árs 2019 breyttist embættistitill félags- og barnamálaráðherra til marks um áherslur ráðherrans og ríkisstjórnarinnar á málefni barna og ungs fólks. Á árinu hélt einnig áfram margþætt vinna við endurskoðun á félagslegri umgjörð varðandi málefni barna sem félags- og barnamálaráðherra boðaði til á vormánuðum 2018.

Ráðherra skipaði í ársbyrjun sérstakan stýrihóp í málefnum barna þar sem sæti eiga fulltrúar þeirra ráðuneyta sem málefni barna varða með hvað beinustum hætti en hópurinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að tryggja samstarf og samhæfingu í málefnum barna, þvert á málefnasvið hlutaðeigandi ráðuneyta.

Í febrúar 2019 sendi ráðherra bréf til ríflega 600 viðtakanda, um land allt, þar sem vakin var athygli á yfirstandandi vinnu við breytingar í þágu barna, og þeir hvattir til að senda inn ábendingar og bjóða fram þekkingu sína með þátttöku í hliðarhópum á opnum fundum. Að auki var bréfið birt í fjölmiðlum og samráðsgátt stjórnvalda. Um 700 ábendingar og óskir um þátttöku bárust í kjölfar bréfsins og í lok mars voru fullskipaðir átta hópar um tiltekin málefni. Í júní 2019 boðaði ráðherra síðan til vinnufundar þar sem þátttakendum gafst tækifæri til að ræða málin og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Á haustmánuðum 2019 boðaði ráðherra, í samvinnu við Landssamband ungmennafélaga, til opinna ráðstefnu undir yfirskriftinni Breytingar í þágu barna. Á ráðstefnunni voru helstu niðurstöður samráðsins og fyrstu tillögur þeirra lagabreytinga sem áformaðar eru kynntar en fyrirhugað er að skapa lagaumhverfi sem tekur mið af snemmbærum stuðningi. Ráðstefnuna sóttu ríflega 400 manns og einnig gafst fólki tækifæri til að fylgjast með í beinu streymi á vef Stjórnarráðsins.

Í byrjun mars samþykkti ríkisstjórnin tillögu ráðherra um að stefnt yrði að aukinni þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun stjórnvalda sem og tillögu um að allar stærri ákvarðanir og lagafrumvörp skuli rýnd út frá áhrifum þeirra á stöðu og réttindi barna.

Í tilefni af 30 ára afmæli barnasáttmálans kom ráðherra einnig að ýmsum öðrum verkefnum. Samstarfssamningur við Embætti umboðsmanns barna var undirritaður og var embættinu og ráðgjafarhópi umboðsmanns falið að móta tillögur að breyttu verklagi með áherslu á þátttöku barna og ungmenna við stefnumótun í málefnum barna. Hluti þeirrar vinnu var sérstök ráðstefna sem haldin var í nóvember en þangað komu erlendir sérfræðingar sem ræddu þátttöku barna. Hinn 20. nóvember tók ráðherra þátt í hátíðahöldum í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York og flutti þar ávörp fyrir hönd Norðurlandanna og Íslands. Að auki tók ráðherra þátt í barnþingi á vegum umboðsmanns barna.

Um miðjan desember undirrituðu félags- og barnamálaráðherra og Landssamband ungmennafélaga samstarfssamning sem ætlað er að tryggja samstarf stjórnvalda við ungmenni í yfirstandandi vinnu við endurskoðun á félagslegri umgjörð um málefni barna og einnig að efla þátttöku barna og ungmenna við stefnumótun.

Hinn 1. apríl opnaði nýtt útibú Barnahúss á Norðurlandi fyrir tilstuðlan styrks, frá félags- og barnamálaráðherra, dómsmálaráðherra og lögreglunni á Norðurlandi, sem veittur var árið 2018.

Hinn 12. júní samþykkti Alþingi tillögu félags- og barnamálaráðherra til þingsályktunar um nýja framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar til fjögurra ára. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að efla grunnvinnslu barnaverndarmála á fyrstu stigum, stuðla að snemmbærum stuðningi, auka samvinnu ríkis og sveitarfélaga og fjölga gagnreyndum úrræðum.

Í lok júní undirritaði ráðherra samstarfssamning við Kópavogsbæ, hugbúnaðarfyritækið Köru-connect og UNICEF á Íslandi um þróun mælaborðs sem ætlað er að tryggja betri yfirsýn yfir velferð barna. Mælaborðinu er ætlað að vinna og greina gögn í þeim tilgangi að mögulegt verði að sjá sem best á hvaða sviðum þurfi að bregðast við og hvort viðbrögðin skili tilætluðum árangri. Í október hlaut mælaborðið alþjóðleg verðlaun UNICEF (Child Friendly Cities Initiative Inspire Awards) fyrir framúrskarandi lausnir og nýsköpun í nærumhverfi barna.

Fimm ráðherrar, undir forystu félags- og barnamálaráðherra, ákváðu fyrr á árinu að styðja stofnun og rekstur Bergsins í tvö ár. Ráðherrar, auk félags- og barnamálaráðherra, eru heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, dómsmálaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Bergið- Headspace er þverfaglegt móttöku- og stuðningsúrræði fyrir ungt fólk og er þar boðið upp á einstaklings- og áfallamiðaða þjónustu.

Í nóvember undirrituðu félags- og barnamálaráðherra og framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi tímamóta samstarfssamning um aðkomu félagsmálaráðuneytisins að verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Markmiðið með aðkomu ráðuneytisins er einkum að tryggja aðgang allra sveitarfélaga að verkefninu og stuðla þannig að innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um allt land.

Velferðarvaktin

Velferðarvaktin fagnaði 10 ára starfsafmæli á árinu.

Í febrúar var kynnt rannsóknarskýrsla um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004–2016, sem Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur, vann fyrir vaktina. Í skýrslunni voru kynntar tillögur til úrbóta sem Velferðarvaktin gerði að sínum en þær eru að brúa umönnunarbilið frá því fæðingarorlofi lýkur þar til börn fá leikskólaláss, auka tilfærslur til einstæðra foreldra, tryggja að börn sem búa við fjárhagsþrengingar geti fengið ókeypis skólamáltíðir, auka niðurgreiðslur vegna tómsundastarfs barna sem búa við fjárhagsþrengingar og að bæta hag öryrkja og barna þeirra.

Í mars var kynnt niðurstaða könnunar sem Maskína framkvæmdi fyrir vaktina um skólasókn og skólaforðun á grunnskólastigi. Í kjölfarið lagði vaktin meðal annars til að sett yrðu opinber viðmið um skólasókn og úrræði aukin til að fyrirbyggja skólaforðun. Samband íslenskra sveitarfélaga hélt vel sótt málþing í maí, um skólaforðun og skólasókn, í samvinnu við Velferðarvaktina og umboðsmann barna. Félagsvísar, sem Velferðarvaktin átti frumkvæði að á sínum tíma, voru endurskoðaðir á árinu í takt við þróun slíkra vísa erlendis. Þá fékk vaktin í júní kynningu á sérhefti félagsvísa um velferð innflytjenda.

Í október hélt Velferðarvaktin, í samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Geðhjálp og SÁÁ, málþing um stöðu heimilislausra einstaklinga með miklar þjónustuparfir þar sem meðal annars Juha Kakkinen kynnti verkefnið Housing First í Finnlandi. Verkefnið miðar að því að draga úr fjölda heimilislausra og hefur verið árangursríkt. Velferðarvaktin kom einnig að morgunverðarfundi sem EAPN – samtök gegn fátækt, hélt í október um fátækt og matarsóun. Þá áttu nokkrir fulltrúar Velferðarvaktar fund með velferðarsviði Reykjavíkurborgar um aðgerðir gegn sárri fátækt barna.

Á árinu fékk Velferðarvaktin kynningu á skýrslum og verkefnum sem varða viðfangsefni hennar, svo sem skýrslu starfshóps um kjör aldraðra, þingsályktun um framkvæmda-áætlun á sviði barnaverndar 2019–2022, norrænar skýrslur um samfélaglega þátttöku ungmenna 18–25 ára á Íslandi og mun á tækifærum ungmenna í dreif- og þéttbýli, tilraunaverkefninu TINNA, starfsemi Bergsins-Headspace og Útmeða og þróun upplýsingakerfis um velferð barna í Kópavogi í tengslum við innleiðingu barnasáttmálans.

Í lok árs voru undirbúnar og settar af stað tvær rannsóknir. Sú fyrri fjallar um jafnan aðgang að framhaldsskólanámi, námsgagnakostnað og fleiri atriði tengd því að hefja nám í framhaldsskóla. Leitað var svara hjá skólameisturum framhaldsskóla og úr hópi fyrsta árs nema. Seinni könnunin fjallar um brotthvarf og námstafir að loknum grunnskóla.

Innflytjendur

Helstu verkefni innflytjendaráðs á árinu voru tvíþætt, annars vegar að gera tillögur til ráðherra um áherslur vegna styrkveitinga úr þróunarsjóði innflytjendamála og hins vegar eftirfylgni með framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019. Framlög til þróunarsjóðs innflytjendamála voru aukin úr 10 milljónum kr. í 25 milljónir kr. Þetta árið samkvæmt ákvörðun ráðherra og sérstök áhersla lögð á styrki til verkefna í þágu barna og ungmenna.

Könnun á viðhorfum almennings til innflytjenda og fjölmenningsarsamfélagsins, sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi að beiðni ráðuneytisins, leiddi í ljós að landsmenn eru almennt fremur jákvæðir í garð innflytjenda og fjölmenningsarsamfélagsins. Niðurstöður rannsóknar á launamun eftir bakgrunni, sem Hagstofa Íslands vann í samvinnu við innflytjendaráð, voru kynntar á árinu og munu þær nýtast í áframhaldandi vinnu við að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Að beiðni ráðuneytisins var á árinu unnin greining á stöðu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og var stuðningur við konur af erlendum uppruna sem búið hafa við heimilisofbeldi eflur.

Flóttafólk

Verkefnum er varða málefni flóttafólks fjölgar ört innan stjórnsýslunnar; fleiri einstaklingar koma hingað til lands í leit að alþjóðlegri vernd og einnig hafa íslensk stjórnvöld tekið á móti fleira flóttafólki í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og í samvinnu við sveitarfélög og Rauða krossinn á Íslandi. Árið 2019 var tekið á móti 49 Sýrlendingum sem voru staðsettir í Líbanon og 25 einstaklingum víðs vegar frá Afríku sem staðsettir voru í Kenía. Vegna móttöku þessara hópa voru gerðir samningar við Mosfellsbæ, Húnaþing vestra, Blönduósbæ, Árborg, Garðabæ og Seltjarnarnesbæ. Ríkisstjórnin ákvað að á árinu 2020 yrði tekið á móti allt að 85 flóttamönnum í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og hófst undirbúningur þess verkefnis á árinu 2019. Flóttafólki sem kom á eigin vegum hélt áfram að fjölga á milli ára og samhlíða því jókst umfang fjölskyldusameininga. Vegna innleiðingar á samræmdri móttöku flóttafólks, óháð því hvernig það kemur til landsins, var ráðinn verkefnastjóri hjá Fjölmenningssetri og ráðgjafar hjá Vinnumálastofnun. Þá var skipaður starfshópur sem hefur það hlutverk að innleiða samræmda móttöku flóttafólks, einkum er varðar móttökusveitarfélög. Þá hófst undirbúningur að samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk sem Vinnumálastofnun mun annast.

Aldraðir

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 kemur fram sú framtíðarsýn að aldraðir njóti lífsgæða á efri árum og geti framfleytt sér með tekjum sínum, einkum úr lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og/eða með vinnu. Þeir sem geta það ekki fái lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og tengdar greiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, í samræmi við lögbundin réttindi og mat á þörf, auk annars stuðnings opinberra aðila. Með greiðslum, þjónustu og stuðningi opinberra aðila verði öldruðum gert kleift að framfleyta sér og lifa sjálfstæðu lífi. Er lögð áhersla á að öldruðum verði með sveigjanlegum starfslokum gert mögulegt að vinna lengur og þar með auka atvinnutengd lífeyrisréttindi sín og séreignarlífeyrissparnað. Þá er áhersla á að auka atvinnuþátttöku þeirra sem hafa þegar hafið töku lífeyris. Mikilvægt er að bregðast við yfirvofandi fjölgun í elstu aldurshópunum og breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar. Meðal annars þarf þá að tryggja mönnun starfa innan öldrunargeirans og líta til þess að gera þjónustu við aldraða sveigjanlegri og persónumiðaðri en hún er í dag og að hún sé veitt í nærumhverfi. Rýna þarf löggjöf og framkvæmd hennar varðandi aldraða og þá ekki síst hvað varðar eldra fólk með heilsubrest, svo sem vegna heilabilunarsjúkdóma, með það að markmiði að tryggja vernd gegn misnotkun og ofbeldi og fullnægjandi viðbrögð og ferli þegar tilkynningar um slíkt berast. Skipaður var starfshópur sem var falið að fjalla um málefni aldraðra á breiðum grundvelli en gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili lokatillögum sínum í síðasta lagi vorið 2021.

Árið 2019 voru lögð fram frumvörp varðandi málefni aldraðra. Frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða var lagt fram en það frumvarp byggðist á vinnu starfshóps um kjör aldraðra sem skilaði tillögum sínum í desember 2018. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót félagslegu kerfi á vegum ríkisins þar sem gert er ráð fyrir heimild til sérstakra greiðslna til einstaklinga sem eru 67 ára og eldri og hafa áunnið sér lítil sem engin lífeyrisréttindi á Íslandi vegna búsetu erlendis. Er stuðningur þessi þannig ætlaður þeim sem búa við lökustu kjörin í hópi aldraðra einstaklinga á landinu, að uppfylltum tilteknum skilyrðum um tekjur, eignir og löglega búsetu hér á landi. Þá var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, sem varðar skilyrði fyrir greiðslu hálfes ellilífeyris. Heimild til töku hálfes ellilífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar er liður í að auka möguleika fólks til sveigjanlegra starfsloka. Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um almannatryggingar sem geri fleiri einstaklingum kleift að nýta sér úrræðið og þannig vera lengur á vinnumarkaði samhliða töku lífeyris að hluta, bæði frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum.



Norrænt samstarf

Ísland fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2019 sem fól í sér fjölmörg verkefni og viðburði á vegum norræna samstarfsins. Auk hefðbundinna starfa á vettvangi norrænu embættismannanefndanna um félags- og heilbrigðismál (EK-S) og um atvinnumál (EK-A) voru helstu formenskuvíðburðir Íslands: **1)** ráðstefna um geðheilbrigði barna með áherslu á skólann sem vettvang snemmtækra íhlutunar haldin í mars; **2)** ráðstefna um framtíðarskipan vinnunnar haldin í samstarfi við Alþjóðavinnu-málastofnunina og Norrænu ráðherranefndina í apríl; **3)** ráðstefna um samspil félagslegrar stöðu og lýðheilsu haldin í maí; **4)** ráðstefna um stöðuna tveimur árum eftir *#metoo* haldin í september í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar og ríkisstjórnar Íslands; **5)** norræn vinnustofa í tengslum við norræna Future of Work-verkefnið haldin í október; **6)** hringborðsumræða húsnæðismálaráðherranna og forstjóra úr byggingariðnaði á Norðurlöndunum í október; **7)** sérfræðingafundur um rafræna fylgiseðla með lyfjum haldinn í október og **8)** ráðstefnan Working Conditions of Tomorrow haldin í nóvember í samstarfi Vinnueftirlitsins, Vinnumálastofnunar, ráðuneytisins og Norrænu ráðherranefndarinnar með aðstoð NIVA, norrænnar stofnunar um framhaldsmenntun á sviði vinnuverndar. Alls tóku 1.802 gestir þátt í framangreindum viðburðum, þar af 545 erlendir gestir.

Þá var sett af stað þriggja ára formenskuverkefni Íslands, sem nær til árunna 2019–2021, undir heitinu Fyrstu 1000 dagar barnsins. Verkefnið er leitt af Embætti landlæknis og beinist að því að skoða hvernig Norðurlöndin vinna að eflingu geðheilsu og vellíðanar á fyrstu æviárum barna og hvaða aðferðum er beitt til að bregðast snemma við áhættuþáttum í lífi barna og foreldra þeirra.

Á árinu voru haldnir þrjú norrænir ráðherrafundir undir forystu félags- og barnamálaráðherra: **1)** fundur norrænna félagsmála- og heilbrigðisráðherra í mars í Þjóðmenningarhúsinu; **2)** fundur norrænna vinnumálaráðherra í apríl í Þjóðmenningarhúsinu og **3)** fundur norrænna húsnæðismálaráðherra í október á Hótel Sögu.

Auk ráðherrafunda á formennskuárinu voru haldnir fjölmargir fundir hjá norrænu embættismannanefndunum EK-S og EK-A, Norræna fötlunarráðinu, stjórn Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, Norrænu hagskýrslunefndinni (NOSOSKO), norrænum tengslanetum og fleiri aðilum.

Húsnæðismál

Í aðdraganda kjarasamningaviðræðna veturinn 2018–2019 skipuðu stjórnvöld átakshóp um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Með því setti ríkisstjórnin af stað víðtækt samráð um húsnæðismál með aðkomu heildar-samtaka aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga, félagsmálaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og forsætisráðuneytisins. Átakshópurinn setti fram tillögur sínar með skýrslu, dags. 19. janúar 2019, og voru þær lagðar til grundvallar við gerð svonefndra lífskjarasamninga, dags. 3. apríl 2019. Er þar kveðið á um að ríkisstjórnin muni vinna að innleiðingu tillagna átakshóps um húsnæðismál í samráði við aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélög og að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, fyrrum Íbúðalánasjóði, verði falið að halda utan um eftirfylgni tillagna átakshópsins í samráði við félagsmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, forsætisráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið og hefur verkefnið fengið heitið „Húsnæði fyrir alla“.

Húsnæðisbætur eru mánaðarlegar greiðslur sem ætlaðar eru til að aðstoða þá sem leigja íbúðarhúsnæði. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun annast framkvæmd og tekur ákvarðanir um rétt til húsnæðisbóta. Árið 2019 var fjöldi viðtakenda að meðaltali 15.500 á mánuði og heildarfjárhæð greiddra húsnæðisbóta nam rúmlega 6 milljörðum kr.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sér einnig um úthlutun stofnframlaga ríkisins, námu þau árið 2019 rúmlega 3,2 milljörðum kr. til kaupa eða byggingar á 531 íbúð á landinu öllu. Það er fækkun frá fyrra ári þegar úthlutað var stofnframlögum til byggingar eða kaupa á 657 íbúðum. Heildarfjöldi íbúða sem fengið hafa stofnframlög er því orðinn 2.123.

Hinn 1. janúar 2019 skipaði félags- og barnamálaráðherra nefnd um endurskoðun laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, vegna rafbíla og gististarfsemi í fjöleignarhúsum. Hlutverk nefndarinnar var að fara yfir þau álitaefni sem upp gætu komið innan húsfélaga á grundvelli laga um fjöleignarhús í tengslum við hleðslubúnað fyrir bifreiðar sem nota rafmagn sem orkugjafa sem og gististarfsemi og hvort ástæða væri til að bregðast við þeim með breytingum á lögum um fjöleignarhús í ljósi reynslu af framkvæmd laganna og stefnu stjórnvalda. Nefndinni var falið að skila tillögum sínum til ráðherra í formi frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús og var frumvarpið samið í félagsmálaráðuneytinu. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 11. desember 2019 og er þar til meðferðar.

Þá skipaði félags- og barnamálaráðherra 4. október 2019 nefnd um löggjöf um fyrstu kaup íbúðarhúsnæðis til eftirfylgni við tillögur í yfirlýsingu um stuðning stjórnvalda við lífskjarasamninga. Hlutverk nefndarinnar var að semja frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, um úrræði stjórnvalda til að auðvelda ungu fólki og tekju-lágum einstaklingum fyrstu kaup íbúðarhúsnæðis, á grundvelli tillagna starfshóps

félags- og barnamálaráðherra um lækkuð þröskulds ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkað og þeirrar undirbúningsvinnu sem fram hafði farið hjá félagsmálaráðuneytinu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Nefndinni var falið að skila tillögum sínum til ráðherra í formi frumvarps til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Nefndin hefur skilað af sér frumvarpi sem komið er til meðferðar hjá Alþingi.

Hinn 28. október 2019 skipaði félags- og barnamálaráðherra nefnd um endurskoðun löggjafar um húsaleigumál til eftirfylgni við tillögur átakshóps stjórnvalda um húsnæðismál sem varðar húsaleigumál. Hlutverk nefndarinnar var meðal annars að taka tillögur í skýrslu átakshóps um húsnæðismál til nánari skoðunar og, eftir atvikum, útfærslu í formi lagabreytinga með hliðsjón af þeirri undirbúningsvinnu sem fram hafði farið, meðal annars hjá leiguvettvangi félagsmálaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Kemur þetta til viðbótar þeim hugmyndum og sjónarmiðum sem fram komu á opnum samráðsdegi stjórnvalda um leigumarkaðinn 29. maí 2019 undir yfirskriftinni „Leigudagurinn“. Nefndinni var falið að skila tillögum sínum til ráðherra í formi frumvarps til laga um breytingu á húsaleigulögum og var frumvarpið samið í félagsmálaráðuneytinu. Nefndin hefur skilað af sér frumvarpi sem er enn í vinnslu innan ráðuneytisins.

Í október skrifuðu félags- og barnamálaráðherra og Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, undir viljayfirlýsingu um samvinnu við fjölgun nýrra íbúða í sveitarfélaginu. Í nóvember skrifaði félags- og barnamálaráðherra undir viljayfirlýsingar með Kristjáni Sturlusyni, sveitarstjóra Dalabyggðar, Kristni Jónassyni, bæjarstjóra Snæfellsbæjar og Kristófer Tómassyni, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps, um aðkomu stjórnvalda að uppbyggingu á leiguhúsnæði í sveitarfélögunum. Viljayfirlýsingarnar snúa að því að fjölga leiguíbúðum í en mikill skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði á þessum svæðum í langan tíma. Þá undirrituðu ráðherra, og Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgársveit, viljayfirlýsingu um aðkomu stjórnvalda að húsnæðisuppbyggingu í Hörgársveit.

Þetta er liður í tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um húsnæðismál á landsbyggðinni sem sett var af stað með það að markmiði að móta lausnir til að bregðast við langvarandi stöðnun á húsnæðismarkaði á landsbyggðinni.

Hið árlega húsnæðisþing var haldið 27. nóvember 2019 og bar það yfirskriftina „Þjóð undir þaki“. Þar var meðal annars fjallað um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga, vanda í húsnæðismálum bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu, fasteigna- og leigumarkaðinn, nýjustu rannsóknir á sviði húsnæðismála o.fl. Í inngangsorðum félags- og barnamálaráðherra kom fram að þörf sé á breyttri umgjörð í húsnæðismálum til

að skapa stöðugleika á húsnæðismarkaði. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun kynnti nýja greiningu á óuppfylltri húsnæðisþörf, niðurstöður nýrrar leigumarkaðskönnunar og áform um ný hlutdeildarlán Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, ætluð ungu fólki og tekju- og eignalitlum til að kaupa húsnæði.

Tvö frumvörp félags- og barnamálaráðherra í húsnæðismálum urðu að lögum í lok ársins. Annars vegar var um að ræða lög nr. 137/2019, um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Með lögnum var sett á fót ný stofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Við gildistöku laganna, 31. desember 2019, tók hún við hlutverkum, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Mannvirkjastofnunar og þeim hlutverkum, verkefnum og skyldum þess hluta Íbúðalánasjóðs sem tilheyrði rekstri Húsnæðisstofnunar samkvæmt starfsþáttayfirliti í ársreikningi Íbúðalánasjóðs 2018. Við sama tímamark var Mannvirkjastofnun lögð niður en rekstur þeirra verkefna Íbúðalánasjóðs sem ekki fluttust yfir í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun heldur áfram undir merkjum ÍL-sjóðs og heyrir undir yfirstjórn fjármála- og efnahagsráðherra. Hins vegar voru sett lög nr. 148/2019 sem fela í sér umtalsverðar breytingar á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016. Breytingalögin tóku á hinn bóginn ekki gildi fyrr en í upphafi þessa árs og nánari umfjöllun um breytingarnar og áhrif þeirra við úthlutun stofnframlaga á líðandi ári bíður því næstu skýrslu. Með lögnum voru meðal annars gerðar breytingar á viðbótarframlagi ríkisins sem veitt er vegna svæðisbundinna aðstæðna, tekjumörk leigjenda almennra íbúða voru hækkuð og gert að skyldu að verðtryggja síðari útgreiðslu stofnframlags ríkisins.

Almannatryggingar

Árið 2019 var fram haldið vinnu við undirbúning mótunar og innleiðingar starfsgetumats sem ætlunin er að taki við af læknisfræðilegu örorkumati. Faghópur sem félags- og barnamálaráðherra skipaði og hefur það hlutverk að gera tillögur að innleiðingu kerfis þar sem lögð er áhersla á að meta þjónustupörf einstaklingsins ásamt starfsgetu hans hélt áfram störfum á árinu 2019 og skilaði tillögum sínum um nýtt kerfi starfsendurhæfingar og mats á starfsgetu til ráðherra í febrúar 2019. Einstaklingum sem metnir hafa verið með 75% örorku hjá almannatryggingum hefur fjölgað ár frá ári og unnið hefur verið að því að finna orsök þeirrar þróunar. Þykir ljóst að samspil milli þess sem krafist er af fólki í starfi og einkalífi hafi þar töluverð áhrif og ráða heilsufarslegir og félagslegir þættir miklu um niðurstöðuna. Áfram er því skoðað hvernig unnt sé að efla þjónustuúræði sem ætlað er að styðja fólk til virkni, sérstaklega þátttöku á vinnumarkaði.

Samráðshópur um breytt framfærsluferfi almannatrygginga sem skipaður var í apríl 2018 hélt einnig áfram vinnu sinni en hlutverk samráðshópsins er að koma með tillögur að nýju greiðsluferfi sem styðji við markmið starfsgetumats. Almenn samstaða hefur verið

um að endurskoða þurfi lög um almannatryggingar sem og uppbyggingu lífeyristrygginga almannatrygginga, bæði hvað varðar elli og örorku, og er þetta liður í þeirri vinnu. Markmiðið er að einfalda greiðslukerfið með fækkun bótaflokka og einfaldari reglum um útreikning greiðslna til fólks með skerta starfsgetu. Samráðshópurinn skilaði skýrslu sinni og tillögum um nýtt greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu til ráðherra í maí 2019.

Árið 2019 voru lögfestar breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð sem fólu í sér að dregið var úr vægi tekna við útreikning framfærsluuppbótar til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og reglum um meðferð atvinnutekna breytt.

Þá var árið 2019 áfram unnið að innleiðingu og þróun breytinga sem lúta að sveigjanlegum starfslokum og töku hálfslífeyris en markmiðið er að gera fleiri einstaklingum kleift að taka hálfan ellilífeyri úr almannatryggingum og frá lífeyrissjóðum samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Þá var hafin vinna við gerð tillagna um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða sem hafa áunnið sér lítil eða engin réttindi í almannatryggingum hér á landi vegna fyrri búsetu erlendis og var byggt á tillögum starfshóps um kjör aldraðra sem skilaði skýrslu í lok 2018.

Í september 2019 var skipaður starfshópur um lífskjör og aðbúnað aldraðra sem meðal annars var falið að fjalla um lífskjör aldraðra, þar á meðal hvernig eldri borgarar geti aukið ráðstöfunartekjur sínar með aukinni atvinnuþátttöku og frestun töku lífeyris. Mikil vinna fór fram á árinu til að tryggja hagsmuni Íslands hvað varðar almannatryggingar vegna fyrirhugaðrar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu (Brexit). Brexit-stýrihópur utanríkisráðuneytisins, ásamt vinnuhópi IV, sem félagsmálaráðuneytið tekur þátt í, fjallar meðal annars um gagnkvæm réttindi á sviði almannatrygginga. Fyrir útgöngu þurfti að vera búið að tryggja áunnin almannatryggingaréttindi þeirra sem flust hafa milli landanna, hvort heldur er vegna vinnu, náms eða búsetu. Hér er meðal annars átt við aðgang að almannatryggingum, tryggingavernd og lífeyrisréttindi. Lengi ríkti mikil óvissa um það hvort Bretland gengi úr ESB á grundvelli útgöngusamnings eða án slíks samnings og þurftu stjórnvöld að undirbúa sig fyrir mismunandi möguleika. Gerðir voru tveir samningar á árinu sem tóku meðal annars til almannatrygginga. Annar samningurinn tók mið af því ef Bretland myndi ganga úr ESB og þar með úr EES án samnings; hinn tók mið af því að Bretland gengi út á grundvelli útgöngusamnings, sem varð raunin.



Vinnumál

Fall WOW air hf.

Gjaldprot WOW air hf. í lok marsmánaðar hafði víðtæk áhrif, bæði bein og óbein, á innlendan vinnumarkað á árinu en aldrei í sögu Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðarsjóðs launa höfðu jafn margir misst starf samtímis. Félags- og barnamálaráðherra lagði fram minnisblað um stöðu mála á ríkisstjórnarfundum í lok mars og í kjölfarið ákvað ríkisstjórnin að veita Vinnumálastofnun tímabundið 80 milljóna kr. framlag til að tryggja stofnuninni svigrúm til að takast á við verkefnið sem við blasti en viðbrögð stofnunarinnar voru að mati ráðherra til fyrirmyndar alveg frá upphafi.

Fæðingarorlof

Eitt af grundvallarmálefnum ríkisstjórnarinnar er að styrkja fæðingarorlofskerfið með því meðal annars að lengja rétt foreldra til fæðingarorlofs og hækka mánaðarlegar hámarksgreiðslur til foreldra sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs. Hinn 1. janúar 2019 tók gildi hækkun á mánaðarlegum hámarksgreiðslum til foreldra í fæðingarorlofi þegar hámarksgreiðsla var hækkuð í 600.000 kr. á mánuði. Gildir hækkunin um hámarksgreiðslur til foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2019 eða síðar.

Þá skipaði félags- og barnamálaráðherra í ágúst 2019 nefnd í tengslum við heildarendurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof. Nefndin hefur það hlutverk að endurskoða lög in heild sinni og er gert ráð fyrir að hægt verði að leggja fram frumvarp byggt á vinnu nefndarinnar á haustþingi 2020 þegar 20 ár verða liðin frá gildistöku laganna.

Í desember tóku gildi lög um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof þar sem samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs var lengdur úr níu mánuðum í tólf en lengingin mun koma til framkvæmda í tveimur áföngum. Annars vegar er um að ræða einn mánuð til viðbótar við rétt foreldra vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2020 og hins vegar er um að ræða tvo mánuði til viðbótar við rétt foreldra vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2021 eða síðar.

Aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði

Mikilvægum áföngum var náð í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði á árinu. Í janúar tók félags- og barnamálaráðherra við tillögum samstarfshóps um undirboð og brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði. Markmiðið með tillögum samstarfshópsins

er að regluverk á vinnumarkaði verði skilvirkt og að þær aðgerðir sem ráðist verður í skili tilætluðum árangri en margar þeirra varða stuðning stjórnvalda við hina svokölluðu lífskjarasamninga. Í nóvember náðist mikilvægur áfangi þegar stjórnvöld, sem fara með valdheimildir og eftirlit á vinnumarkaði, gerðu með sér samkomulag um formlegt samstarf og samráð gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði en um er að ræða lögregluna, Skattinn, Vinnueftirlit ríkisins og Vinnumálastofnun.

Kjaratölfræðinefnd

Þá var mikilvægt skref stigið er varðar framtíðarfyrirkomulag sáttamiðlunar á vinnumarkaði en í maí 2019 var með formlegum hætti stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu tölfræðigagna um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Um er að ræða svokallaða kjaratölfræðinefnd sem félags- og barnamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn á grundvelli tilnefninga frá þeim aðilum sem eiga aðild að nefndinni.

Styrkveitingar

Styrkir af safnliðum fjárlaga vegna verkefna á sviði félagsmála voru veittir við hátíðlega athöfn í Hannesarholti 8. mars. Félags- og barnamálaráðherra veitti styrki til 38 félagsamtaka vegna 47 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkja 190 milljónum kr. Styrkir af safnliðum fjárlaga hafa verið veittir árlega um nokkurra ára skeið til félagasamtaka sem vinna að mállefnum á sviði félags- og velferðarmála. Verkefnin sem hlutu styrk 2019 voru af ýmsum toga en þá hafði verið lögð sérstök áhersla á verkefni sem lúta að mállefnum barna og snemmbærum stuðningi. Einnig voru veittir styrkir til verkefna á sviði málefna fatlaðs fólks, eldri borgara, fátæktar, geðheilsu, félagslegrar virkni o.fl.

Síðastliðin ár hefur skapast sú venja við styrkúthlutun að velja nokkra styrkþega til þess að kynna verkefnin sín. Að þessu sinni voru þrjú verkefni kynnt sérstaklega. Hjálpræðisherinn kynnti verkefnið „Herskjólið“ sem miðar að því að styðja börn og ungmenni sem mörg hver búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Rauði krossinn kynnti verkefnið „Félagsvinur eftir afplánun“ þar sem markmiðið er að styðja þátttakendur við endurkomu í samfélagið að lokinni afplánun. Þá sagði fulltrúi Íþróttasambands fatlaðra frá fyrirhugaðri þátttöku Íslands í Alþjóðaleikum Special Olympics sem fram fóru vorið 2019 í Abu Dhabi.

Styrkir af safnliðum fjárlaga geta falið í sér mikil tækifæri fyrir starfsemi félagasamtaka og er auk þess viðurkenning á því öflugra og göfuga starfi sem félagasamtök vinna daglega í þágu samfélagsins.

Málefñasvið

Málefнасvið


Rekstrargjöld og fjárfestingar

Myndin sýnir raunútgjöld málefнасviða sem heyra að hluta til eða í heild sinni undir félagsmálaráðuneytið 2019.

Ábyrgð á málefнасviði 28, Málefni aldraðra, og málefнасviði 30, Vinnumarkaður og atvinnuleysi er alfarið hjá félags- og barnamálaráðherra. Varðandi önnur málefнасvið ráðuneytisins þá má nefna að á málefнасviði 27, málefнасviði 29 og málefнасviði 31 eru málaflokkar sem tilheyra öðrum ráðuneytum. Útgjöld þeirra eru tilgreind hjá viðkomandi ráðuneytum.

Raunútgjöld málefнасviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar



Mynd 1. Málefнасvið sem heyra að hluta til eða í heild sinni undir félagsmálaráðuneytið 2019.

Tafla 1. Rekstur málefna sviða og málaflokka.

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	65.300	66.153	852	1,3%	27	879	1,3%
2710 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	43.610	44.228	618	1,4%	0	618	1,4%
2720 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	20.119	20.014	-106	-0,5%	0	-106	-0,5%
2730 - Málefni fatlaðs fólks	577	611	34	5,5%	27	60	9,4%
2740 - Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)	993	1.300	306	23,6%	0	306	23,6%
28 Málefni aldraðra	84.470	85.042	572	0,7%	0	572	0,7%
2810 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra	77.963	78.365	402	0,5%	0	402	0,5%
2820 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	6.496	6.654	157	2,4%	0	157	2,4%
2830 - Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	11	24	12	51,6%	0	12	51,6%
29 Fjölskyldumál	23.013	23.943	930	3,9%	467	1.396	5,7%
2920 - Fæðingarorlof	14.682	14.940	258	1,7%	-1	257	1,7%
2930 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	379	444	65	14,6%	0	65	14,6%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	6.841	7.394	553	7,5%	362	915	11,8%
2950 - Bætur til eftirlifenda	431	522	91	17,4%	0	91	17,4%
2970 - Málefni innflytjenda og flóttamanna	680	644	-36	-5,6%	106	70	9,3%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	29.752	30.697	945	3,1%	10	955	3,1%
3010 - Vinnumál og atvinnuleysi	28.893	29.819	927	3,1%	-5	922	3,1%
3020 - Vinnumarkaður	859	878	18	2,1%	15	33	3,8%
31 Húsnæðisstuðningur	10.501	10.012	-488	-4,9%	-22	-510	-5,1%
3110 - Húsnæðisstuðningur	10.501	10.012	-488	-4,9%	-22	-510	-5,1%
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	3.672	3.296	-376	-11,4%	445	69	1,8%
3240 - Stjórnsýsla félagsmála	3.672	3.296	-376	-11,4%	445	69	1,8%

Fjárhæðir í milljónum króna

Alls námu heildarútgjöld, gjöld og fjárfesting, þeirra málaflokka sem félags- og barnamálaráðherra ber ábyrgð á 216,5 milljörðum kr. Endanleg útkoma reyndist því vera tæplega 3,4 milljarðar kr. innan áætlunar eða sem nemur 1,5% af fjárheimildum ársins. Frávik undir áætlun nema alls 3,36 milljörðum kr. og eru frávikin skýrð hér á eftir.

Málefнасvið 27

Á málefнасviði 27, **Örorka og málefni fatlaðs fólks**, voru útgjöld 879 milljónum kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og fjáraukalögum 2019. Af heildarfjárhæðinni eru 618 milljóna kr. frávik sem taka til örorkulífeyris. Í fjárlögum 2019 var fjárheimild vegna örorkulífeyris aukin um 2,9 milljarða kr. til að bæta kjör öryrkja en útfærsla á ráðstöfun fjárhæðarinnar ræðst meðal annars af breytingu á meðferð atvinnutekna sem kemur ekki til útgreiðslu fyrr en í fyrsta sinn árið 2020 á grundvelli tekna ársins 2019. Í fjáraukalögum 2019 voru auknar fjárheimildir að fjárhæð 782 milljónir kr. til að mæta útgjöldum vegna álits umboðsmanns Alþingis varðandi búseturéttindi örorkulífeyrisþega. Endurhæfingarlífeyrir var 242 milljónir kr. umfram fjárheimildir þrátt fyrir 700 milljóna viðbótarfjárheimildir í fjáraukalögum 2019. Nú er einstaklingum sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn beint í endurhæfingu. Það veldur því að aukning í endurhæfingu er vanáætluð í fjárlögum ársins 2019. Samanlögð frávik sem getið er um hér að framan skýra óhafnar fjárheimildir.

Málefнасvið 28

Á málefнасviði 28 eru málefni aldraðra og voru útgjöld málefnasviðsins 572 milljónum kr. lægri en gert var ráð fyrir. Greiðslur til ellilífeyrisþega hafa verið nokkuð lægri en gert er ráð fyrir í fjárlögum og er skýringarinnar helst að leita í auknum öðrum tekjum lífeyrisþega. Nokkrar leiðréttingar voru gerðar í fjáraukalögum 2019, í kjölfar dóms Landsréttar, en samtals var gert ráð fyrir greiðslum að fjárhæð 6,2 milljarðar kr., þar af 5,4 milljarðar til málefnasviðs 28 vegna dómsniðurstöðunnar. Ekki tókst að ljúka öllum greiðslum í kjölfar dómsins á árinu 2019. Gert er ráð fyrir að um 460 milljónir kr. komi til greiðslu árið 2020 og eru það greiðslur til dánarbúa.

Málefнасvið 29

Málaflokkur 29.2, **Fæðingarorlof**, er 256 milljónir kr. innan fjárheimilda eða sem nemur 1,7%. Til viðbótar við fjárheimildir fjárlaga 2019 komu viðbótarfjárheimildir í fjáraukalögum 2019 að fjárhæð 1.120 milljónir kr. en gert var ráð fyrir að útgjöld sjóðsins yrðu um 860 milljónir umfram fjárheimildir. Helstu ástæður umframútgjalda sjóðsins eru þær að foreldrum sem taka fæðingarorlof hefur fjölgað umfram forsendur fjárlaga, fleiri dagar teknir og einnig eru greiðslur á hvern umsækjenda hærri en gert var ráð fyrir vegna hærri launa foreldra. Nokkuð meiri óvissa ríkir um spár í upphafi tímabilla þegar gerðar eru breytingar á reglum sjóðsins, svo sem með hækkun hámarksgreiðslna og lengingu orlofs, sbr. nýlegar breytingar sem gera á í þrepum á næstu árum. Þar sem dreifa má töku fæðingarorlofs vegna barns á tvö fyrstu æviárin tekur að minnsta kosti þann tíma að ná jafnvægi í útgjöldum sjóðsins.

Málaflokkur 29.4, **Annar stuðningur við fjölskyldur og börn**, er í heild sinni um 914 milljónir kr. innan fjárheimilda. Af þeirri fjárhæð eru 362 milljónir jákvæður höfuðstóll frá árinu 2018 sem gert var ráð fyrir að ráðstafa innan ársins 2019. Innan málaflokksins er rekstur ýmissa stofnana en almennt var rekstur þeirra innan fjárheimilda ársins. Helstu frávík í rekstri innan ársins 2019 má skýra með rekstrarafgangi að fjárhæð 404 milljónir kr. vegna sértæks úrræðis öryggisvistunar, rekstrarafgangi að fjárhæð 131 milljón kr. hjá Barnaverndarstofu og 186 milljóna kr. afgangi vegna endurgreiðslna, sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Helstu ástæður þess að fjárheimildir eru ekki fullnýttar eru þær að verkefni tefjast og útgjöld falla því til síðar en í upphafi var gert ráð fyrir.

Málefnasvið 30

Málaflokkur 30.1, **Vinnumál og atvinnuleysi**, er um 926 milljónir kr. innan fjárheimilda ársins. Gripið var til ráðstafana í fjárukalögum 2019 er 7,6 milljörðum kr. var bætt við fjárheimildir ársins, þ.e. um 1,3 milljörðum í Ábyrgðarsjóð launa og 6,3 milljörðum í Atvinnuleysistryggingasjóð. Án viðbótar í fjárukalögum hefði málaflokkurinn farið 6,6 milljarða kr. fram úr fjárheimildum. Gert er ráð fyrir að hluti af fjárheimild Ábyrgðarsjóðs launa 2019, eða um 540 milljónir kr., muni koma til greiðslu 2020 vegna gjaldþrota fyrirtækja.

Málefnasvið 31

Ráðstöfun málaflokksins 31.1, **Húsnæðisbætur**, er í heild 510 milljónir kr. umfram fjárheimildir ársins. Ástæður frávika eru tvíþættar. Húsnæðisbætur eru um 197 milljónir kr. umfram fjárheimild og er gert ráð fyrir að hallanum verði mætt með því að ganga á eignir Íbúðalánasjóðs, nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, þ.e. mætt með innheimtu úti-standandi krafna. Einnig nema stofnframlög um 291 milljón kr. umfram fjárheimild en helsta orsök frávika þar stafar af niðurfærslum við gerð stofnefnahagsreiknings Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en sameinuð stofnun tók eins og áður sagði til starfa í upphafi ársins. Í lokauppgjöri ríkissjóðs 2019 er fyrrnefndur halli felldur niður.

Tafla 2. Fjárfesting málaflokka

Málaflokkar	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Ónýtt heimild í árslok
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	-832.158	0	-25.497	-858.015
2710 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	0	0	0	0
2720 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	0	0	0	0
2730 - Málefni fatlaðs fólks	-832.518	0	-25.497	-858.015
2740 - Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)	0	0	0	0
28 Málefni aldraðra	0	0	0	0
2810 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra	0	0	0	0
2820 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	0	0	0	0
2830 - Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	0	0	0	0
29 Fjölskyldumál	-53.300.425	245.407.374	200.519.227	392.626.176
2920 - Fæðingarorlof	0	0	0	0
2930 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	0	0	0	0
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	-52.113.461	238.896.374	200.598.379	387.381.292
2950 - Bætur til eftirlifenda	0	0	0	0
2970 - Málefni innflytjenda og flóttamanna	-1.186.964	6.511.000	-79.152	5.244.884
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	-42.204.398	19.677.097	-26.108.322	-48.635.623
3010 - Vinnumál og atvinnuleysi	-8.400.915	3.300.000	-2.407.610	-7.508.525
3020 - Vinnumarkaður	-33.803.483	16.377.097	-23.700.712	-41.127.098
31 Húsnæðisstuðningur	0	0	158.500.000	158.500.000
3110 - Húsnæðisstuðningur	0	0	158.500.000	158.500.000
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	-86.398.045	160.670.200	-56.298.611	17.973.544
3240 - Stjórnýsla félagsmála	-86.398.045	160.670.200	-56.298.611	17.973.544

Málaflokkur 27.30 Málefni fatlaðs fólks

Ekki var gert ráð fyrir fjárfestingarheimild í málaflokknum árið 2019. Nauðsynlegt reyndist þó að endurnýja hluta tækjabúnaðar réttindagæslumanna fyrir um 830 þúsund krónur og var það fært til eigna í stað gjaldfærslu á árinu.

Málaflokkur 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Til ráðstöfunar í fjárfestingar á árinu voru ætlaðar 238,9 milljónir kr. Útgjöld urðu aftur á móti um 52,1 milljón kr. eða um 186,8 milljónir undir áætlun. Auk þess var fjárheimild fyrra árs, að fjárhæð 200,6 milljónir kr., flutt í heild sinni á milli ára. Ástæða þess að fjárfestingarheimildir ársins 2018 og 2019 eru ekki nýttar ræðst af tögum á byggingu meðferðarheimilis Barnaverndarstofu í Garðabæ fyrir börn og unglínga. Sú fjárfesting sem átti sér stað innan málaflokksins ræðst að mestu af tækjakaupum hjá þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Málaflokkur 29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna

Til ráðstöfunar í fjárfestingar á árinu voru ætlaðar 6,5 milljónir kr. Útgjöld urðu á hinn bóginn um 1,2 milljónir kr. eða um 5,3 milljónir undir áætlun.

Málaflokkur 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

Til ráðstöfunar í fjárfestingar voru ætlaðar 3,3 milljónir kr. Útgjöld urðu aftur á móti um 8,4 milljónir kr. eða um 5,1 milljón umfram áætlun. Auk þess færðist fjárfesting að fjárhæð 2,4 milljónir kr., sem var umfram fjárheimildir fyrra árs, yfir til ársins 2019.

Málaflokkur 30.20 Vinnumarkaður

Til ráðstöfunar í fjárfestingar á árinu voru áætlaðar 16,4 milljónir kr. Útgjöld urðu á hinn bóginn um 33,8 milljónir kr. eða um 17,4 milljónir umfram áætlun. Auk þess færðist 23,7 milljóna kr. umframfjárfesting fyrra árs milli ára. Er þetta að mestu til komið vegna fjárfestinga Vinnueftirlitsins en stofnunin flutti í nýtt húsnæði á tímabilinu.

Málaflokkur 32.40 Stjórnslá félagsmála

Framlög til fjárfestinga á árinu voru 160,7 milljónir kr. Útgjöld urðu 86,4 milljónir kr. eða um 74,3 milljónir undir áætlun. Auk þess var umframfjárfesting fyrra árs í málaflokknum, um 56,3 milljónir kr., flutt yfir til ársins 2019. Frávikin skýrast að mestu annars vegar af auknum útgjöldum vegna flutnings Tryggingarstofnunar ríkisins, sem dreifðust á árin 2018 til 2019, og hins vegar vegna óhafinna fjárfestinga Mannvirkjastofnunar sem var á sínu síðasta starfsári fyrir sameiningu við Íbúðalánasjóð.

Yfirlit stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2019

Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
Málefnasvið 27	1	6	3	1		11
Málefnasvið 28	3	1			2	6
Málefnasvið 29	2	3	2	2	3	12
Málefnasvið 30		2	3	3	2	10
Málefnasvið 31				2		2
Samtals aðgerðir	6	12	8	8	7	41

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið



Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorka

Málaflokkur 27.1

MARKMIÐ 1

Meiri áhersla verði lögð á getu fólks til starfa.

Aðgerð	Tímabil
<p>● Innleitt verður nýtt matskerfi almannatrygginga sem miði að því að tekið verði upp þverfaglegt mat á stöðu einstaklinga í stað læknisfræðilegs örorkumats</p>	2018–2019
<p>● Greina orsakir þess að öryrkjum fjölgar og finna leiðir til að bregðast við þeim.</p>	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu.

Aðgerð	Tímabil
<p>● Lagt verði fram frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar sem miði að því að tekið verði upp sveigjanlegra bótakerfi vegna örorku þar sem bótaflokkar verði sameinaðir og útreikningar einfaldaðir.</p>	2018–2019
<p>● Lagt verði fram frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar sem miði að því að tekið verði upp sveigjanlegra bótakerfi vegna örorku þar sem bótaflokkar verði sameinaðir og útreikningar einfaldaðir.</p>	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Málefni fatlaðs fólks

Málaflokkur 27.3

MARKMIÐ 1

Að bæta gæði í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Aðgerð	Tímabil
	2019
<ul style="list-style-type: none"> Til að samþætta þverfaglega þjónustu við börn með röskun og fjölskyldur þeirra og efla samræmingu þjónustu óháð búsetu þarf að skilgreina ábyrgð, hlutverk og verkaskiptingu ólíkra þjónustustiga, þ.e. þjónustu sveitarfélaga (1. stig), landshluta (2. stig) og ríkisstofnana (3. stig) 	2019–2020
<ul style="list-style-type: none"> Kortleggja þörf barna sem þurfa snemmtæka og þverfaglega þjónustu. Á grundvelli kortlagningar verður þörf fyrir þjónustu á landsvísu greind og mælikvarðar verða þróaðir um árangur þjónustunnar. 	2019–2023
<ul style="list-style-type: none"> Tilraunaverkefni 2019–2020 um landshlutateymi til að auka þekkingu, efla og samþætta þjónustu við börn í heimabyggð. Verkefni festi sig í sessi og starfsemi þeirra verði viðvarandi. (sjá aðgerð G.3 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021). 	

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Að nýsköpun og tækni styðji fatlað fólk í ríkara mæli til sjálfstæðs lífs.

Aðgerð	Tímabil
<p>● Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði innleiddur með áherslu á markmiðið um að þjónustan byggist á hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Mæling fer fram skv. samningi sem gerður hefur verið við Félagsvísindastofnun HÍ.</p>	2019–2023
<p>● Notendaráð fatlaðs fólks starfi á öllum félagsþjónustuvæðum til að auka áhrif fatlaðs fólks á þjónustu og hagsmunamál sín í sveitarfélaginu. (Sjá aðgerð F.7 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021).</p>	2019–2021
<p>● Samvinna verði milli ríkis, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka og nær-samfélags við það að beita hjálpartækjum og tæknitengdum lausnum við veitingu þjónustu sem stuðlar að auknu sjálfstæði notenda og gerir þjónustuveitendum kleyft að sinna fleiri notendum (sjá markmið G.7. í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks 2017–2021, og verkefni á áherslusviði 2 í stefnu í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu 2015).</p>	2019–2023
<p>● Sett verði viðmið um í hvaða mæli nýsköpun og tækni styðji fatlað fólk til sjálfstæðs lífs. Mæling fer fram skv. samningi við Félagsvísindastofnun HÍ.</p>	2019–2021
<p>● Útfærsla tæknilausna á sviði öryggis tækni til að draga úr skerðingu og styðja við og bæta líðan, tækni til að þróa félagsleg tengsl og tækni til þjálfunar og umönnunar (sjá verkefni á áherslusviði 3 í stefnu um nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu 2015).</p>	2020–2021


● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Málaflokkur 28.1

MARKMIÐ 1


Að auka atvinnuþátttöku aldraðra og innleiða aukna möguleika á sveigjanlegum starfslokum.

Aðgerð	Tímabil
 Hvetja aldraða til að stunda vinnu og kynna betur möguleika þeirra á sveigjanlegum starfslokum.	2018–2023

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Að hækka heildartekjur ellilífeyrisþega.

Aðgerð	Tímabil
 Stuðla að aukinni atvinnuþátttöku aldraðra og hvetja almenning til aukins séreignarlífeyrissparnaðar.	2018–2023

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Aukin samræming við mat á þjónustupörf aldraðra einstaklinga og endurhæfingu í heimahúsum.

Aðgerð	Tímabil
● Innleiðing á RAI-upphafsmati í félagslegri heimaþjónustu á öllu landinu.*	2018–2023
● Tilraunaverkefni um endurhæfingu í heimahúsi.*	2018–2023
● Sett gæðaviðmið um þjónustu við aldraða.	2018–2020
● Öflun gagna svo að hægt verði að meta áhrif á mati á þjónustupörf og á mismunandi stöðu kynja.*	2019–2020

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

* Aðgerðir sem síðar voru felldar út því þar sem þær eru ekki ábyrgð félagsmálaráðuneytis eftir uppskiptingu velferðarráðuneytisins.

Fæðingarorlof

Málaflokkur 29.2

MARKMIÐ 1

Að draga úr röskun á tekjuinnkomu foreldra í fæðingarorlofi.

Aðgerð	Tímabil
● Breyta reglugerð þannig að mánaðarlegar hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi hækki í 600 þús. kr. vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2019 eða síðar	2018

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið



Börneiga réttindi
fióls

Börneiga
áæfæia
föruáæfæia
La. Vatna

GO

Börn þigitt
áæfiskulifit
höfuðis

Stuðningur við einstaklinga fjölskyldur og börn

Málaflokkur 29.4

MARKMIÐ 1

Aukin snemmtæk íhlutun í málefnum barna og bætt afkoma efnalítilla barnafjölskyldna.

Aðgerð	Tímabil
<p>● Greiðslur almannatryggingakerfisins með börnum verði endurskoðaðar til að barnabætur, barnalífeyrir og aðrar greiðslur vegna barna komi betur til móts við þarfir tekjulágra barnafjölskyldna sem og til að minnka skerðingar vegna samspils bótakerfa, skattkerfis og atvinnutekna.</p>	2018–2019
<p>● Fyrir árið 2020 verði búið til viðmið um fjölda barna skipt eftir sveitarfélögum sem þurfa á aðstoð málsstjóra að halda sem sér til þess að þjónustan sé samhæfð og sniðin að þörfum þeirra.</p>	2019–2020
<p>● Fjármálalæsi ungs fólks í grunn- og framhaldsskólum landsins verði aukið til að hægt verði að draga úr greiðsluerfðleikum einstaklinga á aldrinum 18–29 ára.</p>	2019–2020
<p>● Viljayfirlýsing undirrituð af ráðherrum félags-, heilbrigðis- og menntamála um snemmtæka íhlutun með barnið í brennipunkti</p>	2018–2020

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Staða barna í íslensku samfélagi verði styrkt.

Aðgerð	Tímabil
<p>● Haldið verði barnaþing árið 2019 til að fara yfir stöðu innleiðingar barna-sáttmálans og þróun í málefnum barna og leggja til úrbætur.</p>	2019

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Málefni innflytjenda og flóttamanna

Málaflokkur 29.7

MARKMIÐ 1

Jafna tækifæri innflytjenda til félagslegrar þátttöku og virkni í íslensku samfélagi.

Aðgerð	Tímabil
<p>● Aðgengi að upplýsingum bætt fyrir innflytjendur fyrst eftir komu og upplýsingar til innflytjenda frá sveitarfélögum, sbr. aðgerðir A4, B1, B2, B3 og B4 í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.</p>	2019–2022
<p>● Kynningarverkefni verði útbúið með áherslu á þróun innflytjendamála á Íslandi, tækifæri og framlag innflytjenda til samfélagsins.</p>	2019–2020
<p>● Halda málþing með það að markmiði að auka og efla lýðræðislega þátttöku innflytjenda, samstarf félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda, áhrif þeirra á hagsmunamál sín og þátttöku í stjórnmálum.</p>	2019–2023
<p>● Í samræmi við aðgerðaáætlun verði innflytjendum gert kleift að nýta menntun sína með þátttöku á vinnumarkaði.</p>	2019–2022

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Móttaka flóttafólks og innflytjenda verði samræmd.

Aðgerð	Tímabil
<p>● Hvatningarverðlaun til fjölmiðils, opinberrar stofnunar, fyrirtækis og/eða einstaklings sem skarað hefur fram úr með faglegri umfjöllun, þátttöku, veittri þjónustu eða vinnu í þágu hagsmuna innflytjenda.</p>	2019–2022
<p>● Auglýst verði eftir sveitarfélögum til að taka á móti flóttafólki.</p>	2019

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Vinnumál og atvinnuleysi

Málaflokkur 30.1

MARKMIÐ 1

Að draga úr langtímaatvinnuleysi.

Aðgerð	Tímabil
<p>Tilraunaverkefni um samstarf við önnur þjónustukerfi um eflingu þjónustu við viðkvæmasta hóp ungra atvinnuleitenda (NEET).</p>	2018–2019
<p>Taka upp skimun fyrir áhættu á langtímaóvirkni þegar atvinnuleitandi hefur verið í atvinnuleit í fjórar vikur þannig að unnt sé að bjóða einstaklingum viðeigandi þjónustu áður en í óefni er komið.</p>	2019–2020
<p>Leita eftir samstarfi við atvinnulífið um starfstækifæri fyrir háskóla- menntaða langtímaatvinnuleitendur.</p>	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Að efla stuðningsúrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu til vinnu.

Aðgerð	Tímabil
<p>Átak verði hafið við að finna störf fyrir fólk með skerta starfsgetu.</p>	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Vinumarkaður

Málaflokkur 30.2

MARKMIÐ 1

Fyrirbyggjandi sáttamiðllun verði innleidd.

Aðgerð	Tímabil
● Fleiri sáttasemjarar koma að sáttamálum sem vísað er til embættis ríkissáttasemjara.	2018–2019
● Átak í að kalla samninganefndir atvinnurekenda og launafólks fyrir að samningaborðinu vegna kjarasamninga sem verða lausir undir lok árs 2018 og í byrjun árs 2019, ásamt því að bjóða upp á fræðslu fyrir samninganefndir.	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Forvarnarstarf innan fyrirtækja á innlendum vinnumarkaði verði aukin á árinum 2019-2020.

Aðgerð	Tímabil
● Aukið forvarnarstarf, þar á meðal fræðsla um orsakir vinnuslysa í einstökum starfsgreinum.	2018–2022
● Rannsókn á hugsanlegum tengslum aðstæðna á vinnustöðum, þar á meðal skipulagi vinnunnar, vinnuálagi og forvörnum, við brotthvarf fólks af vinnumarkaði og inn í almannatryggingakerfið.	2018–2019
● Í fyrirtækjaeftirliti Vinnueftirlitsins verði lögð áhersla á að kanna hvort fyrirtæki hafi gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal áhættumat og áætlun um forvarnir, og hvernig fyrirtæki fylgja þeim eftir með markvissum hætti.	2018–2023
● Átak í að hvetja opinberar stofnanir til að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal áhættumat og áætlun um forvarnir.	2018–2019


● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Húsnæðisstuðningur

Málaflokkur 31.1

MARKMIÐ 1


Að landsmenn eigi þess kost að eignast eigið húsnæði og hafi val um búsetuform

Aðgerð	Tímabil
 Stofnstyrkir til byggingar allt að 2.100 nýrra almennra íbúða.	2018–2023

Aðgerð ekki hafin
 Undirbúningur hafinn
 Aðgerð hafin
 Aðgerð komin vel á veg
 Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Að auðvelda aðgengi ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn

Aðgerð	Tímabil
 Stuðningur við byggingu íbúðarhúsnæðis á köldum svæðum.	2018–2022

Aðgerð ekki hafin
 Undirbúningur hafinn
 Aðgerð hafin
 Aðgerð komin vel á veg
 Aðgerð lokið

Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2019

Tafla 3. Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2019.

	Upphæð í m. kr.
Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	
Staða varasjóðs í upphafi árs	95
Staða varasjóðs í lok árs	95
Vinumarkaður	
Staða varasjóðs í upphafi árs	21
Vinnueftirlit ríkisins	21
Staða varasjóðs í lok árs	0
Stjórnsýsla félagsmála	
Staða varasjóðs í upphafi árs	2,5
Félagsmálaráðuneyti	2,5
Staða varasjóðs í lok árs	0



Uppsöfnuð frávik ríkisaðila og fjárlagaliða

Mynd 2. Uppsöfnuð frávik ríkisaðila og fjárlagaliða.

